

PRÝÐISHVERFIÐ - BETRUMBÆTUR

Sent til Gunnars Einarssonar og Guðjóns E. Friðrikssonar

Heilir og sælir

Mig langaði að biðja ykkur um að skoða með að klára innkeyrsluna inn í Prýðishverfið, þarna er allt óklárað og aðkoman í hverfið ljót svo vægt sé til orða tekið. Ég ræddi þetta við ykkar menn síðasta haust og aftur í vor og var lofað betrum bótum en ekkert hefur gerst. Þarna var upprunalega hugsað hringtorg og öll undir vinna er tilbúin til þess en síðan var því breytt og hjólastígurinn lagður þvert í gegn og allt óklárað beggja vegna. Hjólastígurinn er hættulegur þar sem að bílar sjá ekki hjólafólk fyrir en alltof seint þegar beygt er inn í Prýðishverfið. Það þarf að skoða þetta allt betur, líka meðfram hverfinu eftir gamla Álftanesveginum frágangur lóða við hjólastiginn og vegsins er langt frá því að vera aðlaðandi, ég sæi að hjólastígrunn væri færður að veginum og fallegar gras manir settar á milli, halli á lóðum á fremstu húsunum niður að stígunum er hár og verður aldrei fallegur eins og hann er.

Þætti vænt um að þetta sé skoðað vandlega og útfært á smekklegan hátt. Við viljum vera í fallegu umhverfi, bærinn okkar á að bera af, þarna þarf að laga til og sá kostnaður þarf ekki að vera svo mikill að ekki sé hægt að ráðast í framhvæmdir strax, við erum búin að bíða ansi lengi eftir þessum betrum bótum.

Fyrir hönd Íbúa Prýðishverfis.

Bestu kveðjur
Haraldur Árnason
Mosprýði 2 í Garðabæ.
Farsími +354 664-3352